

STJÓRNARTÍÐINDI C 3 — 1981

6. nóvember 1981

111

Nr. 18

AUGLÝSING

um uppsögn samnings við Filippseyjar um afnám vegabréfsáritana o. fl.

Með erindaskiptum 16. september og 30. október 1981 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Filippseyja um uppsögn samnings milli landanna um afnám vegabréfsáritana sem gerður var með erindaskiptum 6. ágúst og 2. september 1974, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/1974. Uppsögn samningsins miðast við 9. nóvember 1981.

Jafnframt var gert samkomulag um það að handhafar diplómatiskra vegabréfa og sérstakra vegabréfa þurfi ekki vegabréfsáritanir. Ennfremur var samið um að taka ekki gjald fyrir áritanir annars vegar fyrir ríkisborgara Filippseyja og hins vegar fyrir ríkisborgara Íslands vegna styttri dvalar en 59 daga.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 6. nóvember 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

10. nóvember 1981

Nr. 19

AUGLÝSING

um fullgildingu Norðurlandasamnings um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

Hinn 29. september 1981 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna Norðurlandasamnings um gagnkvæma aðstoð í tollamálum sem undirritaður var í Osló 11. september 1981. Tilkynnt verður um gildistöku síðar.

Með lögum nr. 94/1980 var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda samninginn. Skv. 2. gr. laganna skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi þegar hann hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. nóvember 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.